

Hugmyndir að verkefnum

Evrópski tungumáladagurinn

26. september

Byggt á verkefnahugmyndum úr eldra fræðsluefni Menntamálaráðuneytisins.

Eldri síða Menntamálaráðuneytisins í Vefsafni Íslands:

https://vefsafn.is/is/20151016112009mp_/http://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettir/Tungumal_opna.pdf

Alþjóðlegur markaður

Settur er upp alþjóðlegur markaður með básum frá mörgum löndum. Þar er kynntur dæmigerður varningur og hægt að tengja markaðinn við þema, til dæmis mat eða hátíðisdaga. Nemendur spyrja spurninga og afla sér upplýsinga.

Auglýsingar

Nemendur skoða auglýsingar á ólíkum tungumálum, bera þær saman, búa til nýjar og sýna afraksturinn.

Bréf til blaðsins

Unnið er með „bréf til blaðsins“. Nemendur skrifa um málefni sem þeim eru hugleikin, svara bréfum og setja sig inn í hugarheim annarra.

Bæjarferð

Nemendur leita að orðum af erlendum uppruna í verslunum, á skiltum eða vörum. Hópar geta kannað uppruna vara og rétta eða heimsótt söfn og fjölþjóðleg fyrirtæki.

Dagur með þekktum útlendingi

Nemendur velja persónu sem tengist erlendum tungumálum eða menningu, afla upplýsinga og kynna hana með leikriti, upplestri, glærum, vefsíðu eða prentaðri sögu.

Evrópa í skólanum

Hver kennslustofa er helguð einu landi. Nemendur skapa stemningu, útbúa vegabréf, ferðast á milli „landa“ og kynna sér tungumál og menningu.

Evrópsk tungumálavika

Skipulögð er tungumálavika með tungumáladaginn sem hápunkt. Hægt er að bjóða örnámskeið í nokkrum tungumálum og gefa viðurkenningu fyrir þátttöku.

Evrópubúar í bæjarfélaginu ykkar

Nemendur kanna tengsl við önnur Evrópulönd í bekknum, skólanum eða nærumhverfinu, útbúa spurningalista, taka viðtöl og kynna niðurstöður.

Fjöltyngi

Athygli er beint að tungumálum sem tví- og fjöltyngdir nemendur tala. Bekkir vinna verkefni um tungumálin og menninguna og sýna afraksturinn í skólanum.

Glens og grín á mörgum málum

Nemendur skoða hómor á ólíkum tungumálum, þýða brandara, semja teiknimyndasögur eða segja brandara á erlendum tungumálum.

Fjarfundur með nemendum í öðrum löndum

Komið er á fjarfundi við skóla erlendis. Nemendur undirbúa spurningar og skiptast á upplýsingum áður en fundurinn fer fram.

Heimsóknir í menningar- og tungumálastofnanir

Skipulögð er heimsókn þar sem nemendur kynnast tungumáli og menningu. Að henni lokinni vinna þeir úr reynslunni í texta, myndasögu, hljóði eða myndbandi.

Íþróttagreinin mín

Nemendur lýsa íþróttum, félögum og þekktum íþróttamönnum. Verkefnið má tengja við mataræði, matseðla, íþróttir og hollustu.

Keðjusögur

Bekkur skrifar sögu í samstarfi við annan bekk. Þema getur verið ævintýri, glæpasaga, ástarsaga eða annað fyrirfram ákveðið efni.

Kvikmynda- og myndbandahátíð

Erlendar kvikmyndir, myndbönd og stuttmyndir eru sýndar. Nemendur fara á milli „sala“, horfa og skrifa umsagnir.

Leiðsögumannaskólinn

Þverfaglegt verkefni um tungumál, landafræði, sögu og sérkenni eigin lands. Nemendur undirbúa sig undir að kynna eigið umhverfi fyrir erlendum ferðamönnum.

Matur frá ýmsum löndum

Unnið er með matarmenningu ólíkra landa. Nemendur skoða uppskriftir, kynna uppáhaldsmat og bera saman matarhefðir. Verkefnið má vinna með heimilisfræði.

Netkaffihús

Nemendur fá afmarkaðan tíma til að leita upplýsinga á netinu um vel skilgreind efni og svara spurningum skriflega eða munnlega.

Sagnanet

Nemendur æfa sig í að segja hópnum sögur sem byggja á erlendum sögum eða hugmyndum. Sögurnar má síðan tengja saman eftir þemum eða landsvæðum.

Séríslenskt

Hópar safna hugmyndum um það sem er séríslenskt og búa til efni á erlendum tungumálum um til dæmis mat, klæðnað, þjóðsögur eða hugmyndir.

Skapandi skrif

Hversdagslegir hlutir eru notaðir sem innblástur að óhefðbundnum skrifum á erlendu tungumáli. Verkin eru síðan kynnt öðrum.

Skólablaðið fjallar um þemað: Tungumál opna dyr

Sérútgáfa skólablaðs fjallar um tungumál, tilgang tungumálanáms, viðtöl við nemendur og skiptinema og sögur eða ljóð á erlendum tungumálum.

Sögusmiðja

Nemendur fá hluta úr sögu eða stikkorð og semja eða endurskrifa sögu. Þeir myndskreyta hana, sýna og lesa upp.

Talæfingar

Nemendum er skipt í litla hópa og gefið umræðuefni. Hluti samtalanna er tekinn upp og síðan spilaður fyrir stærri hóp.

Tónlist frá öðrum löndum

Samkoma er skipulögð þar sem bekkir eða hópar syngja og leika tónlist frá ýmsum löndum og á ólíkum tungumálum.

Tungumál og upplýsingatækni

Hópar framleiða margmiðlunarefni og efni fyrir netið á ólíkum tungumálum. Deginum lýkur með sýningu á afrakstrinum.

Tungumáladagur í öllum skólanum

Allur skólinn vinnur með tungumál: syngur, les, skrifar, hlustar á tónlist eða horfir á efni á öðru tungumáli en íslensku.

Tungumálasamkeppni

Skipulögð er ljóða-, smásagna-, teiknimynda- eða frásagnarkeppni á þeim tungumálum sem kennd eru í skólanum.

Uppáhaldsbókin mín

Nemendur vinna með uppáhaldsbókina sína, skrifa stuttan útdrátt á erlendu tungumáli og segja öðrum frá því hvað höfðar til þeirra.

Upplýsingar um tungumál

Bekkir afla upplýsinga um hversu margir tala ólík tungumál og hvar þau eru töluð og setja niðurstöðurnar fram á skapandi hátt.

Veggspjaldasamkeppni: Tungumál opna dyr

Nemendur hanna A3-veggspjöld á hvaða tungumáli sem er út frá þemanu „Tungumál opna dyr“. Verkin eru sýnd og þeim bestu veitt viðurkenning.

Velkomin til Íslands

Bekkurinn semur efni til að bjóða erlendan nemanda velkominn: upplýsingar um bæjarfélagið, skólann og bekkinn ásamt einfaldri íslenskukennslu.

Æska án landamæra

Nemendur hafa samband við börn og ungmenni sem hafa annað tungumál að móðurmáli og gera síðan grein fyrir samskiptunum og hvernig gekk að nota erlenda tungumálið.

Öll fög verða tungumálafög

Tungumál eru tengd öllum fögum, til dæmis matreiðslu, dansi, myndmennt, sögu, efnafræði og íþróttum.